

25. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út kennslubók í kirkjurètti. 1861.
3. júlím.

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 2. dag maímánaðar, er síðast leið, hefir stjórn kirkju- og kennslumálanna veitt Jóni Péturssyni, dómara í hinum íslenzka landsyfirrètti, 200 ríkisdala styrk til að gefa út á prent kennslubók í almennum og íslenzkum kirkjurètti. Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það þeim, er hlut eiga að máli, og skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands, þegar stiptsyfirvöldin fara þess á leit við hann, mót kvittun Jóns yfirdómara Péturssonar.

26. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um sameining brauða í Skagafjarðar sýslu. 3. júlím.

Í bréfi 18. nóvemberm. f. á. (er hingað kom 27. maím. þ. á.) hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér háæruverðugi herra, skýrt frá því, að um vorið 1860 hafi stiptsyfirvöldunum á Íslandi verið sent eptirrit af bænarskrá nokkurri, er beina leið hafi verið send stjórninni, en í bænarskrá þessari fari nokkrir sóknarmenn í Flugumýrar og Hofstaða söknum í Skagafjarðar sýslu þess á leit, að felldur verði úr gildi konungsúrskurður 25. septemberm. 1854, um að leggja megi niður Flugumýrar og Hofstaða brauð, og sameina þær sóknir við Miklabæjar brauð og Hóla og Viðvíkur brauð í sömu sýslu; hafið þér því næst beiðst yfirlýsingar frá stjórnarráðinu um það, hvort búast megi við nokkurri breyting á konungsúrskurði þeim, sem fyr var nefndur, og hafið þér getið þess, að þær ástæður, er fyrrum leiddu til þess, að ráðstöfun þessi var gjörð, hafi, að yðar áliti, verið fullgild-